

Nd.

719. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 126 30. des. 1943, um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur sent málið til umsagnar vegamálastjóra, og fylgir hér með álit hans. Nefndin mælir með samþykkt frumv. óbreytts. Þó áskilur SB sér rétt til að flytja breytingartillögur við 1. og 2. gr., og er fyrirvari hans bundinn við það.

Einn nefndarmanna, EmJ, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. apríl 1946.

Gísli Sveinsson,
form.

Lúðvík Jósefsson,
fundskr., frsm.

Sveinbjörn Högnason.

Sigurður Bjarnason,
með fyrirvara.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 27. febrúar 1946.

Frv. til laga um breyting á lögum um benzínaskatt.

Lög nr. 84 1932 um bifreiðaskatt o. fl. þurfa að mínu áliti nokkurra breytinga, sömuleiðis lög nr. 126 1943.

Samkvæmt lögnum er benzínaskatturinn 4+5 aurar af hverjum lítra. Þegar þau voru fyrst sett, var benzínverðið meir en helmingi lægra en það er nú. Tilgangurinn með benzín- og bifreiðaskattinum yfirleitt var að afla álitlegra tekna til þess að standast aukinn kostnað til vegabóta. Síðan hefur allur vegabótakostnaður hækkað stórkostlega. Þannig viðhaldskostnaður þjóðvega einn meir en tífaldast. Ég hygg, að það sé almennt viðurkennt, að benzínaskattur sé réttlátur og eðlilegur tekjustofn, og hér mun hann nú miklu lægri en í öðrum löndum. Mér þætti mjög eðlilegt, að skatturinn yrði að minnsta kosti tvöfaldaður. Þessi skattur nam samtals 1944 um 1.75 millj. kr., þar af fór í brúasjóð kr. 372059.15. Þá væri og réttmætt að hækka innflutningsgjald af bifreiðagúmmi úr kr. 1.00 af hverju kg.

Ég hef þó orðið þess var, að á Alþingi muni, eins og sakir standa, ekki vera áhugi fyrir hækkun þessara skatta.

Í 8. gr. laganna frá 1932 eru ákvæði um, hvernig verja skuli tekjum samkvæmt lögnum. Þessi ákvæði hafa nú um mörg ár verið dauður bókstafur og lítið sem ekkert eftir þeim farið.

Í 1. gr. laganna frá 1943 er ákvæði um 5 auru viðaukagjaldið af benzíni, og hefur það verið framlengt fyrir eitt ár í senn. Eðlilegt virðist, eins og komið er, að benzínaskatturinn verði sameinaður í eitt gjald.

Í 2. gr. sömu laga er ákvæði um að verja nokkrum hluta viðaukaskattsins til brúagerða og þá fyrst til brúar á Jökulsá á Fjöllum. Hefur sú brúargerð nú verið ákveðin og var fyrir hendi í brúarsjóði um síðastliðin áramót um 1.45 millj. kr., en brúin er áætluð að kosta um 1.4 millj. kr.

Í sömu grein er ákvæði um að verja allt að 100 þús. kr. á ári 1945 og 1946 til Krisuvíkurvegjar.

Teldi ég fyllstu þörf að endurskoða þessa löggjöf og koma í fastara form og nokkuð til frambúðar, svo ekki þurfi að fitja upp á nýjum breytingum að heita má á hverju þingi. Þyrfti það að gerast áður en Alþingi kemur næst saman.

Hins vegar er nauðsynlegt að gera á þessu þingi nokkrar breytingar á lögnum frá 1943.

Þar sem fyrirsjáanlegt er, að innflutningsgjaldsviðaukinn, 5 aurar á hvern lítra benzíns, er orðinn fastur skattstofn, virðist ekki ástæða til þess að hafa hann tímabundinn, og vil ég því mæla með breytingu á þskj., 69 um að fella burt tímatak-mörkin.

Í 2. gr. þarf að fella burt ákvæðið um Jökulsárbrú, og þar sem sennilega verður ekki í sjóði um næstkomandi áramót nema tæplega ½ millj. kr., þykir mér ekki ástæða til þess að setja inn ákvæði um byggingu neinnar ákveðinnar brúar. Ég vil þó láta í ljós það álit mitt, að, að frágengnum brúm á Hvíta hjá Iðu og nýrri brú á Þjórsá, þá tel ég, að af stórbrúm eigi brú á Jökulsá í Lóni að sitja fyrir.

Virðist mér heppilegast með tilliti til væntanlegrar endurskoðunar laganna, að 2. gr. orðist svo:

„Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal verið að ⅓ hlutum til að greiða kostnað við nýlagningar þjóðvega, en að ⅔ hlutum til brúagerða.“

Virðingarfyllt,
Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis.